



Viðtakandi: Samgöngustjóri
Sendandi: Deild samgangna

Reykjavík, 18. nóvember 2025
USK25010001

Tillaga um tvær gangbrautir á Nauthólsvegi móts við lóð nr. 81

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að tvær göngupveranir á Nauthólsvegi móts við lóð nr. 81 verði merktar sem gangbrautir

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Á síðustu árum hefur verið rekinn leikskóli á lóð Nauthólsvegar 81 og er fyrirséð að svo verður áfram. Ljóst er að einhverjir bílstjórar sem eiga erindi á umræddan leikskóla leggja við lóð Hótels Natura og þvera Nauthólsveg fótgangandi, þá í mörgum tilfellum með börn með sér. Árdagsumferð um Nauthólsveg er um 5.200, og um er að ræða eina af helstu leiðum skólabarna sbr. texta að ofan. Það er því talin ástæða til að merkja þverunina sem gangbraut í samræmi við leiðbeiningar Reykjavíkur og Vegagerðarinnar um göngupveranir. Vinna er í gangi við að leggja mat á umferðaröryggi á svæðinu, meta þörf fyrir og staðsetningar hraðaminnkandi aðgerða sem og lýsingu.


Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Loftmynd með fyrirhuguðum gangbrautum.



Reykjavík



Reykjavík



RE_ Tillaga um tvær gangbrautir á Nauthólsvegi móts við lóð nr_ 81

Móttekið	19.11.2025 13:51:09
Búið til dags.	19.11.2025 13:53:59
Tilheyrir	 USK25010001 - Sérákvæði um notkun vega 2025
Frá	Árni Friðleifsson (arni.fridleifsson@lrh.is)
Til	Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is, logi.sigurjonsson@lrh.is, lrh@lrh.is

Innihald

Samþykkt, án athugasemda.

Árni Friðleifsson

Aðstoðaryfirlögregluþjónn
Umferðardeild

arni.fridleifsson@lrh.is



[UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI](#)

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík

lrh@lrh.is
[4441000](#)



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

 **Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**

From: Magnús Ársaelsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>
Sent: 19.11.2025 10:15
To: Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>

Cc: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>;
Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>
Subject: Tillaga um tvær gangbrautir á Nauthólsvegi móts við lóð nr. 81

Góðan daginn

Reykjavíkurborg óskar eftir samþykki lögreglunnar á meðfylgjandi sérákvæði um umferð.

Kveðja



Magnús Ársælsson

Sérfræðingur

Sími: +354 411-1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12–14 105 Reykjavík

Reglur um trúnað í
tölvupóstsamskiptum www.reykjavik.is/trunadur



Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>



Viðtakandi: Samgöngustjóri
Sendandi: Deild samgangna

Reykjavík, 24. nóvember 2025
USK25010001

TILLAGA

Tillaga um bann við lagningu ökutækja í norðurkanti Arngrímsgötu, milli lóðar Þjóðarbókhlöðunnar og Guðbrandsgötu

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum í norðurkanti Arngrímsgötu, milli lóðar Þjóðarbókhlöðunnar og Guðbrandsgötu.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Arngrímsgata liggur frá lóð Þjóðarbókhlöðunnar, meðfram Eddu, húsi íslenskra fræða, að Guðbrandsgötu og Brynjólfsgötu. Frá Þjóðarbókhlöðunni að Guðbrandsgötu er ökutækjum reglulega lagt í norðurkanti akbrautar sem veldur stærri ökutækjum vandræðum, t.a.m. þegar verið er að aka rútum um svæðið. Var það því ósk Háskóla Íslands að bönnuð verði lagning ökutækja í norðurkanti á þessum stað. Þar sem erfitt er að aka rútum um svæðið má gera ráð fyrir að þessi lagning geti einnig haft neikvæð áhrif á viðbragðstíma slökkviliðs eða annarra viðbragðsaðila. Er þetta sérákvæði því bæði að ósk HÍ og til að tryggja aðkomu viðbragðsaðila.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd yfir svæðið, staður þar sem lagt er til bann við lagningu ökutækja er merktur með rauðu
Hjálagt: Ósk HÍ um bann við lagningu ökutækja í kanti Arngrímsgötu
Hjálagt: Samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu



Reykjavík

From: [Bjarni Rúnar Ingvarsson](#)
To: [Magnús Ársælsson](#)
Cc: [Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir](#)
Subject: RE: RVK-19516 Varðandi Arngrímsgötu 5 Edda
Date: föstudagur, 21. nóvember 2025 13:52:25
Attachments: [image001.png](#)
[image002.png](#)
[image003.png](#)
[image004.png](#)
[image005.png](#)
[image006.png](#)

Sæll aftur,

Frábært, takk kærlega.

M.b.k.,



Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjórnir samgangna



Sími: +354 411 1111
Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Þagfur um trúnað / tilskipaðarmarkaðum: www.rek.is/bokun



Regnbogavottun

From: Magnús Ársælsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>
Sent: 21. nóvember 2025 13:44
To: Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>
Cc: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Guðbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>
Subject: RE: RVK-19516 Varðandi Arngrímsgötu 5 Edda

Sæll

Ég set upp drög.

Kveðja

Magnús

From: Bjarni Rúnar Ingvarsson <bjarni.runar.ingvarsson@reykjavik.is>
Sent: föstudagur, 21. nóvember 2025 11:58
To: Magnús Ársælsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>
Cc: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Guðbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>
Subject: FW: RVK-19516 Varðandi Arngrímsgötu 5 Edda

Sæll Magnús,

Værir þú til í að stilla upp drögum að erindi fyrir afgreiðslufund þar sem lagt er til að bannað verði að leggja í norðurkanti Arngrímsgötu við Eddu, sbr. póstsamskiptin að neðan?

M.b.k.,



Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjórnir samgangna



Sími: +354 411 1111
Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Þagfur um trúnað / tilskipaðarmarkaðum: www.rek.is/bokun



Regnbogavottun

From: Jón Sigurður Pétursson - HI <jonsig@hi.is>
Sent: 21. nóvember 2025 11:54
To: Bjarni Rúnar Ingvarsson <bjarni.runar.ingvarsson@reykjavik.is>
Cc: Kristinn Jóhannesson - HI <kjohannesson@hi.is>; Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Guðbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>
Subject: RE: RVK-19516 Varðandi Arngrímsgötu 5 Edda

Sæll Bjarni,

Það væri mjög gott að byrja á þessari merkingu/skilti og sjá hvernig hún virkar á fólk. Ég reyndar held að við þurfum að setja eitthvað á „svæði 3“ sem er lítt vegbúturinn við Birkimel. Við þyrftum kannski aðeins að skoða það betur en ég fékk frá Guðnýju Rósu hjá Árnastofnun mynd sem sýndi að fólk lagði beggja vegna alla leið út að Birkimel. Set mynd í viðhengi sem hún sendi á mig, ekki mjög góð gæði en sýna samt þrengslin sem mynduðust um daginn.

Við tökum svo að okkur að setja skilti og/eða gular línur á bílaplanið við Bókhliðuna. Takk fyrir skjót svör og að reyna leysa þetta með okkur

Og já, þá upplýsi ég umsjónarmann Eddu þegar skiltið er komið að hann geti sent erindi til bílastæðasjóðs ef lagt er ólöglega (eftir að skiltið kemur).

Mbkv,

Jón Sigurður Pétursson
Deildarstjóri reksturs fasteigna
jonsig@hi.is
Mobile: +354 895 3485
www.hi.is



**FRAMKVÆMDA- OG
TÆKNISVIÐ**

From: Bjarni Rúnar Ingvarsson <bjarni.runar.ingvarsson@reykjavik.is>
Sent: föstudagur, 21. nóvember 2025 07:54
To: Jón Sigurður Pétursson - HI <jonsig@hi.is>
Cc: Kristinn Jóhannesson - HI <kjohannesson@hi.is>; Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Guðbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>
Subject: RE: RVK-19516 Varðandi Arngrímsgötu 5 Edda

Sæll Jón,

Takk kærlega fyrir póstinn. 84. gr. umferðarlaga (nr. 77/2019 með áorðnum breytingum) fjallar um sérákvæði, þ.e. t.a.m. þar sem ákveðið er að banna lagningu ökutækja, setja bíðskyldu eða annað sem er umfram grunn umferðarlög; í 4. mgr. þeirrar greinar stendur að „[á]kvaðranir samkvæmt grein þessari skal veghaldari gefa til kynna með umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í tilvikum gangbrauta“. Það þýðir að yfirborðsmerkingar einar og sér gilda ekki heldur ber að setja upp umferðarmerki.
Það er sjálfagt að verða við ósk um að setja bann við lagningu ökutækja í vesturkanti Arngrímsgötu þar sem stærri ökutæki lenda í vandræðum þegar ekið er um götuna. Við myndum merkja það með umferðarmerki en ekki gulmerkingu á kanti sbr. ofangreint, það merki þyrfti þó að vera innan lóðar Þjóðarbókhliðunnar. Varðandi svæði 3 sem þú nefnir þá þarf að skoða betur hvar þörf fyrir bann við lagningu ökutækja sé, svo hægt sé að staðsetja merkið á góðum stað. Min upplifun af svæðinu er að fólk leggur á gangstéttinni sem er óheimilt skv. umferðarlögum og er hægt að bregðast við með því að fá Bílastæðasjóð eða lögregluna til að leggja gjöld á þau ökutæki.



M.b.k.,



Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samganga

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
Netur um ferðir / tilgötuleikadatum: www.umbornir.is/ferdir



Regnbogavottun

From: Jón Sigurður Pétursson - HI <jonsig@hi.is>
Sent: 20. nóvember 2025 12:55
To: Bjarni Rúnar Ingvarsson <bjarni.runar.ingvarsson@reykjavik.is>
Cc: Kristinn Jóhannesson - HI <kjohannesson@hi.is>
Subject: RE: RVK-19516 Varðandi Arngrímsgötu 5 Edda

Gleymdi svo Kristni

Mbkv,



Jón Sigurður Pétursson
Deildarstjóri reksturs fasteigna
jonsig@hi.is
Mobile: +354 895 3485
www.hi.is



**FRAMKVÆMDA- OG
TÆKNISVIÐ**

From: Jón Sigurður Pétursson - HI
Sent: fimmtudagur, 20. nóvember 2025 12:54
To: bjarni.runar.ingvarsson <bjarni.runar.ingvarsson@reykjavik.is>
Subject: FW: RVK-19516 Varðandi Arngrímsgötu 5 Edda

Sæll Bjarni,

Jóhann umsjónarmaður upplýsti mig um beiðni sem hann hafði sent inn til ykkar um Arngrímsgötu og ég óskaði eftir því að fá að senda svar til þín Við erum búin að taka upp gjaldskyldu hér í Háskólanum líkt og þú veist og það hefur skapað talsverðan glundroða suma daga. Þetta svæði milli Sögu, Bókhlaðunnar og Eddu er einstaklega slæmt með illa lagða bíla og þurfum við að reyna koma böndum á það ! Ég teiknaði hérna inná loftmynd 3 svæði, 2 sem eru Rvkborg og 1 HÍ/Bókhlaðan.

1. Hluti Arngrímsgötu merkt „1“ á myndinni og liggur meðfram lóð Eddu. Þar eru 1 eða 2 stæði fyrir fatlaða á lóð Eddu og svo stæði fyrir rútur. En vegna þess að fólk leggur alveg bíl við bíl meðfram kantsteininum hinu megin (hjá beðinu) þá eru rúturarnir í vandræðum og mér skilst fólki sem leggur í stæði fyrir fatlaða. Sömuleiðis var sett niður upplýsingaskilti fyrir gjalddökuna og það hverfur þegar bílum er lagt meðfram kantsteininum.

Ósk HÍ: því viljum við endilega óska eftir því að máluð verði gul lína meðfram öllum kantsteininum og sett upp skilti á ljósastaurunum sem gefa til kynna að bílar verði dregnir. Það hefur talsverðan fælingarmátt. Ef þið setjið gulu línuna, því þetta er borgargata, þá gætum við líka tekið að okkur að setja þessi dráttarbilaskilti á staurunum á lóðinni sem við erum með. Sömuleiðis væri gott ef bilastæðasjóður myndi af og til kanna hvort bílar séu lagðir við gulu línuna og sekta.

2. Þetta svæði merkt „2“ er á lóð sem Bókhlaðan er með en við sjáum um bilastæðin. Þar er fólk byrjað að leggja grimmt beggja vegna í akstursleiðinni og við munum mála gular línur þar allsstaðar þegar viðrör til þess.
3. Svæðið merkt „3“ er lítil götubútur sem tilheyrir Arngrímsgötu og liggur að spennustöðinni sem er þar. Það væri mikilvægt þá að mála gular línur þar beggja vegna í akstursleiðinni til að gæta samræmis og til að fólk sé ekki að þrengja akstursleið með tilheyrandi ónæði sem akandi og gangandi verða fyrir af þeim völdum.

En já ég ákvað bara að senda beint á þig uppá að við gætum rætt þetta, hef Kristinn sviðsstjóra í cc, til að einfalda samtalið. Upplýsi svo alla aðila um niðurstöðuna



Mbkv,

Jón Sigurður Pétursson
Deildarstjóri reksturs fasteigna
jonsig@hi.is
Mobile: +354 895 3485
www.hi.is



FRAMKVÆMDA- OG
TÆKNISVIÐ

From: Jóhann Kveldúlfur Sigurðsson - HÍ <jonsig@hi.is>
Sent: fimmtudagur, 20. nóvember 2025 07:17
To: Jón Sigurður Pétursson - HÍ <jonsig@hi.is>; Guðný Rósa Þorvarðardóttir - AST <guðny.rosa.thorvardardottir@arnastofnun.is>
Subject: Fs: RVK-19516 Varðandi Arngrímsgötu 5 Edda

Frá: Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>
Sent: miðvikudagur, 19. nóvember 2025 16:38
Til: Jóhann Kveldúlfur Sigurðsson - HÍ <jonsig@hi.is>
Efni: RE: RVK-19516 Varðandi Arngrímsgötu 5 Edda

Sæll Jóhann,

Takk kærlega fyrir ábendinguna. Almennt eru ekki sett bönn við lagningu ökutækja í húsgötum eða öðrum minni götum nema það sé til komið vegna aðgengis slökkviliðs eða viðbragðsaðila. Almennt er talið ásættanlegt að ekki sé hægt að mætast allsstaðar í þessum götum, það verður þó að vera mögulegt á að lágmarki 100 m fresti eða þannig að bílstjórar geti séð hvort annað, liggja gatan í beygju. Í Arngrímsgötu eru sleppistæði við Eddu og við höfum ekki fengið ábendingu um vandamál á þessu svæði frá viðbragðsaðilum. Getur þú skýrt aðeins betur fyrir mér hvernig vandamálið lýsir sér?

M.b.k.,



Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samganga

Sími: +354 411 1111
Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
Netur: netur@reykjavik.is
www.reykjavik.is
Regnbogavottun

From: Upplýsingar - Pósthólf Síma <upplysingar@reykjavik.is>
Sent: 19. november 2025 15:55
To: Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>
Subject: RVK-19516 Varðandi Arngrímsgötu 5 Edda



jonsig@hi.is has just sent this issue

[Reykjavík / RVK-19516](#)
[Varðandi Arngrímsgötu 5 Edda](#)

Beiðnin var stofnuð 04.09.2025 13:44

Olga Dis - Í dag 15:54
Áframsent

Upphafleg beiðni:

Góðan daginn

Ég er að leita upplýsinga um hvert við eigum að snúa okkur varðandi merkingar þ.e merkingar um að ekki megi leggja bílum í götunni. Við erum við Arngrímsgötu 5 en Arngrímsgatan er með aksturtefni í báðar áttir. Bílum er lagt í götunni þannig að ekki getu bílar mest þannig að vel sé. Þarf að gulgála og koma fyrir skilti.

Samskipti í beiðni:

Olga Dis - 05/sep/25 09:14

Ég sendi ábendingu á deild samgöngustjóra og borgarhönnunar til úrvinnslu og svara.

Kveðja

Olga Dis, þjónusturáðgjafi

Vinsamlegast svaraðu viðkomandi á eftirfarandi netfang: joelsig@hi.is

This email was sent by the [Email This Issue](#) Cloud add-on

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>



RE_ Tillaga um bann við lagningu ökutækja í norðurkanti Arngrímsgötu_ milli lóðar

Móttekið	24.11.2025 09:00:58
Búið til dags.	24.11.2025 09:15:12
Tilheyrir	 USK25010001 - Sérákvæði um notkun vega 2025
Frá	Árni Friðleifsson (arni.fridleifsson@lrh.is)
Til	Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is, logi.sigurjonsson@lrh.is, lrh@lrh.is

Innihald

Samþykkt án athugasemda.

Árni Friðleifsson

Aðstoðaryfirlögregluþjónn
Umferðardeild

arni.fridleifsson@lrh.is



[UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI](#)

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115
105 Reykjavík

lrh@lrh.is
[4441000](#)



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

 **Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**

From: Magnús Ársaelsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>
Sent: 24.11.2025 08:55
To: Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>

Cc: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>;
Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>
Subject: Tillaga um bann við lagningu ökutækja í norðurkanti Arngrímsgötu,
milli lóðar

Góðan daginn

Reykjavíkurborg óskar eftir samþykki lögreglunnar á meðfylgjandi sérákvæði um
umferð.

Kveðja



Magnús Ársælsson
Sérfræðingur

Sími: +354 411-1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12–14 105 Reykjavík

Reglur um trúnað í
tölvupóstsamskiptum www.reykjavik.is/trunadur



Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>